

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2011 ásamt greinargerðum



Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar
22. desember 2010



MOSFELLSBÆR

EFNISYFIRLIT

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA	3
GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA	9
FJÖLSKYLDUSVIÐ	9
FRÆÐSLUSVIÐ	10
MENNINGARSVIÐ	11
UMHVERFISSVIÐ	11
STJÓRNSÝSLUSVIÐ AUK FJÁRMÁLAEILDAR OG KYNNINGARMÁLA	12
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM EINSTAKA MÁLAFLOKKA	13
00 SKATTTEKJUR	13
02 FÉLAGSÞJÓNUSTA	15
04 FRÆÐSLUMÁL	15
05 MENNINGARMÁL	17
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL	18
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR	19
08 HREINLÆTISMÁL	20
09 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL	20
10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL	21
11 UMHVERFISMÁL	21
13 ATVINNUMÁL	21
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR	22
NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR	23
02 FJÖLSKYLDUSVIÐ	23
04 – FRÆÐSLUSVIÐ	25
05/06/13-01/21-71 – MENNINGARSVIÐ	27
06 – ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL	29
13 ÞRÓUNAR- OG FERÐAMÁL	32
08/10/11/31/33/43/47/63 UMHVERFISSVIÐ	32
05/07/08/21-01...82 STJÓRNSÝSLUSVIÐ ÁSAMT FJÁRMÁLAEILD OG KYNNINGARMÁLUM	35
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	37



GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2011 samanstendur af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekins A- og B- hluta og A- hluta bæjarsjóðs. A- hluti samanstendur af aðalsjóði, Eignasjóði, Fasteignafélaginu Lækjarhlíð og þjónustustöð. Í B- hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu sveitarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Megináherslur í fjárhagsáætlun 2011 er að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu Mosfellsbæjar. Meginútgangspunkturinn við fjárhagsáætlunargerðina var að láta enda ná saman. Tekjur sveitarfélagsins hafa dregist verulega saman að raunvirði undanfarin ár og var markmiðið að draga úr kostnaði svo koma mætti í veg fyrir að bæjarsjóður yrði rekinn með halla. Tvö síðustu ár hefur verið halli á rekstri bæjarstjóðs. Slíkt getur gengið í stuttan tíma en ekki til lengdar enda er þá gengið á eigið fé.

Mosfellsbær leitaði til íbúa eftir leiðum til hagræðingar. Haldinn var sérstakur íbúafundur þann 26. október sl. þar sem bæjarbúar voru spurðir tveggja spurninga: Hvar má hagræða? Og: Hvar má ekki hagræða? Einnig var sett upp ábendingakerfi á vef Mosfellsbæjar þar sem íbúar gátu sent inn hugmyndir til hagræðingar.

Fjöldi tillaga barst sem birtar hafa verið á vef Mosfellsbæjar og nýttar voru við fjárhagsáætlunargerðina. Þó má geta þess að stór hluti þeirra tillagna sem fram komu eru þegar komnar í framkvæmd þar sem fjárhagsáætlanir síðustu tveggja ára einkenndust af mikilli hagræðingu í rekstri í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Eftir mikla hagræðingu undanfarin tvö ár var ljóst að þær ákvarðanir sem sveitarfélagið stæði frammi fyrir væru langt frá því auðveldar. Þær snúast ekki lengur um að afleiðingar þeirra megi ekki bitna á neinum – heldur að þær bitni á sem fæstum, svo krefjandi er það umhverfi sem þessi áætlun er unnin við.

Á íbúafundinum kom fram eindregin ósk um að standa vörð um velferð. Fjárhagsáætlun 2011 ber þess vitni að eftir því var farið eins og kostur var. Fjárframlög til málaflokksins aukast milli ára í samræmi við aukna þörf á aðstoð og þjónustu á því sviði á meðan um talsverða hagræðingu er að ræða á öðrum sviðum.

Íbúar létu jafnframt í ljós óskir um að ekki yrði hagrætt í skólamálum eða dagvistarmálum barna. Reynt var að koma til móts við þá óskir eins og frekast var unnt. Hins vegar verður að geta þess að málaflokkur þessi, fræðslumál, er langstærsti útgjaldaliður Mosfellsbæjar, og því óhjákvæmilegt að hagræða í rekstri sveitarfélagsins sem nokkru nemur án þess að fara ofan í rekstur á sviði fræðslumála. Þess var gætt í náninni samvinnu við forstöðumenn stofnana á fræðslusviði að huga að raunhæfum hagræðingarleiðum án þess að ganga of nærri grunnþjónustu, þ.e. leik- og grunnskólastarfi og þjónustu tengdri þeim stofnunum.

Yfirlýsing á málefnum fatlaðra

Um áramót taka sveitarfélögin við málefnum fatlaðra af hendi ríkisins. Mosfellsbær hefur gert ráð fyrir kostnaði vegna hins nýja málaflokks í fjárhagsáætlun 2011 sem nemur 484 mkr. Kostnaðinum verður mætt með tilfærslu skatttekna frá ríki til sveitarfélaga. Útsvarshlutfall verður hækkað um 1,2% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Auk þess verða á fjárlögum næstu þrjú árin framlög til sveitarfélaga vegna málaflokksins til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins.


Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2011 eru eftirfarandi:

- Að haldið verði áfram að byggja upp okkar samfélag og þjónustu þrátt fyrir erfitt árferði eftir því sem hægt er.
- Að standa vörð um skóla- og æskulýðsstarf og að forgangsraðað verði í þágu barna og velferðar.
- Að lögð verði áhersla að hagræðing í rekstri bitni ekki á félagsþjónustu bæjarins heldur þvert á móti verði bætt í þeim málaflokki til að koma til móts við aukna þörf.
- Að veltufé frá rekstri sé jákvætt og að afkoma bæjarins án óreglulegra tekna verði í jafnvægi.
- Að samdrætti á tekjum verði m.a. mætt með sparnaði og hagræðingu í rekstri og að sérstaklega verði hagrætt í yfirstjórn og stjórnun almennt, ásamt í eignaliðum og rekstri fasteigna.
- Að ábyrgðar verði gætt í forgangsroðun framkvæmda og ekki verði hafnar stærri framkvæmdir sem unnt er að bíða með.
- Að framkvæmdir hefjist við byggingu nýs framhaldsskóla í miðbæ Mosfellsbæjar og hjúkrunarheimili að Hlaðhömrum í samvinnu við ríkisvaldið.
- Að samkomulag um lækkun launa stjórnenda bæjarins um 3-7% gildi áfram að undanskildum bæjarstjóra en laun hans hafa lækkað alls um 17% skv. nýjum ráðningarsamningi.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er unnin við krefjandi aðstæður eins og áður segir. Nauðsynlegt var að ná niður kostnaði og auka tekjur um samanlagt 240 milljónir til þess að mæta minnkandi tekjum svo koma megi í veg fyrir að bæjarsjóður verði rekinn með halla á árinu 2011.

Bæjarráð ákvað að sparnaðinum yrði náð með eftirfarandi hætti:

- Gerð er hagræðingarkrafa um 1% af útgjöldum (40 mkr.) á alla rekstrarliði bæjarins.
- Gert er ráð fyrir að breyting á þjónustustigi leiði til 4% lækkun kostnaðar (160 mkr.). Þetta eigi annars vegar sér stað með því að breyta verkefnum eða leggja þau af og hinsvegar með því að breyta fyrirgreiðslum sem sveitarfélagið veitir.
- Gert er ráð fyrir að tekjur aukist um 1% (40 mkr.) með hækkun á gjaldskrá og/eða sköttum.



Dæmi um aðgerðir sem nauðsynlegt verður að ráðast í eru eftirfarandi:

- Gjaldskrár hækka um 5-10%
- Útsvar hækkar úr 13,19% í 13,28% og að auki um 1,2% vegna málefna fatlaðra
- Álagningarstuðlar fasteignagjalda verða hækkaðir til að mæta lækkun fasteignamats
- Heimgreiðslur verða lagðar af.
- Frístundaávísanir lækka úr kr. 18.000 í kr. 15.000.
- Gjaldfrjálsum tímar í fimm ára deild fækkar úr 8 í 3.
- Samningar um fjárfestingar í íþróttamannvirkjum verða endurskoðaðir, svo og styrktarsamningar.

Veruleg hagræðingarkrafa hefur verið gerð á yfirstjórn sveitarfélagsins, sem og stjórnunardeildir stofnana. Starfsfólk Mosfellsbæjar tekur að sér aukinn fjölda verkefna og lagt hefur verið áhersla á enn frekara samstarf milli stofnana og deilda í því skyni að ná sem mestri hagræðingu. Hagrætt verður í viðhaldsverkefnum og forgangsraðað út frá öryggissjónarmiðum og brýnni þörf.

Þrátt fyrir að fjárhagsstaða Mosfellsbæjar sé traust og rekstur sveitarfélagsins góður vegna aðhalds í fjármálum undanfarin ár eru aðstæður þannig að ekki þykir ábyrgt að ráðast í nýjar umfangsmiklar framkvæmdir á komandi ári. Framkvæmdir hefjast við byggingu nýs framhaldsskóla í miðbæ Mosfellsbæjar og við langþráð hjúkrunarheimili við Hlaðhamra. Hvort tveggja er unnið í samstarfi við ríkisvaldið og fjármagnað að stórum hluta af ríkisvaldinu. Bæði verkefnin hafa verið í undirbúningi um árabil og er mikill ávinningur fyrir samfélagið að þau verði að veruleika.

Ljóst þykir að útsvarstekjur munu dragast saman á næsta ári að raungildi vegna tekjusamdráttar í þjófófélaginu en gert er ráð fyrir 1,5% íbúafjölgun.

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2011 sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans. Grunnur að allri þessari vinnu er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.

Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs

Aðalsjóður (í mkr.)	Áætlun 2011	Endursk. áætlun 2010	Breyting milli ára	
Útsvar	2.811	2.709	102	4%
Fasteignaskattur	495	460	35	8%
Lóðarleiga	77	74	3	4%
Skatttekjur samtals	3.383	3.243	140	4%
Framlög Jöfnunarsjóðs	741	299	442	148%
Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs	4.125	3.543	582	16%

Skipting útgjalda og tekna niður á málaflokka innan A-hluta

Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2011	Laun 2011	Annar kostnaður 2011	Samtals áætlun 2011	Endursk. áætlun 2010	Breyting milli ára	
00 - Skatttekjur	4.125	0	0	4.125	3.543	582	16%
02 - Félagsþjónusta	62	(167)	(630)	(735)	(260)	(475)	182%
04 - Fræðslu- og uppeldismál	319	(1.689)	(833)	(2.203)	(2.153)	(50)	2%
05 - Menningarmál	8	(39)	(65)	(95)	(101)	6	-6%
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	246	(199)	(550)	(503)	(568)	65	-11%
07 - Brunamál og almannavarnir	0	(2)	(44)	(46)	(48)	2	-4%
08 - Hreinlætismál	66	(3)	(83)	(21)	(30)	10	-32%
09 - Skipulags- og byggingamál	37	(43)	(18)	(24)	(30)	7	-22%
10 - Umferðar- og samgöngumál	0	0	(162)	(162)	(163)	1	-1%
11 - Umhverfismál	9	(24)	(43)	(58)	(66)	7	-11%
13 - Atvinnumál	0	(19)	(3)	(4)	(10)	6	-59%
21 - Sameiginlegur kostnaður	51	(214)	(121)	(284)	(283)	(1)	0%
28 - Fjármagnsliðir	0	0	363	363	427	(64)	-15%
Aðalsjóður	4.923	(2.381)	(2.190)	352	256	97	38%
Eignasjóður	608	8	185	(318)	(411)	93	-23%
Fasteignafélagið Lækjarhlíð	120	0	22	(2)	(31)	28	-92%
Þjónustustöð	60	51	22	(17)	(20)	3	-14%
Millifærslur A-hluta	(1.071)	0	(1.071)	0	0	0	0%
A - hluti samtals	4.641	2.440	1.712	14	(206)	220	

Skipting útgjalda og tekna niður á málaflokka innan B-hluta

Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2011	Laun 2011	Annar kostnaður 2011	Samtals áætlun 2011	Endursk. áætlun 2010	Breyting milli ára	
Félagsheimilið Hlégarður	5	0	5	(10)	(13)	3	-22%
Félagslegar íbúðir	33	0	13	2	(2)	3	-194%
Fráveita	125	0	50	14	9	5	56%
Hitaveita	238	0	196	21	7	14	197%
Vatnsveita	135	16	64	30	31	(0)	-1%
Hjúkrunarheimili	0	0	0	0	0	0	0%
Sjóðir í B-hluta samtals	536	16	328	57	32	25	77%

Skipting útgjalda og tekna milli A- og B-hluta

Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2011	Laun 2011	Annar kostnaður 2011	Samtals áætlun 2011	Endursk. áætlun 2010	Breyting milli ára	
Sveitarsjóður A-hluti	4.641	2.440	1.712	14	(206)	220	
Sjóðir í B-hluta	536	16	328	57	32	25	77%
Millifærsla	(104)	0	(104)	(39)	(39)	0	0%
Samtals	5.072	2.456	1.936	32	(213)	245	

Eignfærðar fjárfestingar

Fyrirhugaðar fjárfestingar A hluta	2011
Varmárskóli - endurbætur að utan (eldri og yngri deild)	30 mkr
Varmárskóli - lóð/útiaðstaða	11 mkr
Leikskóladeild í Leirvogstungu	30 mkr
Framhaldsskóli	50 mkr
Samtals fjárfest í skólum	121 mkr
Íþróttamiðstöðin að Varmá - nýtt þak á eldra húsi	15 mkr
Íþróttamiðstöðin að Varmá - íþróttaaðstaða	10 mkr
Ævintýragarður	4 mkr
Motomos	2 mkr
Göngustígar skáta	5 mkr
Golfvöllur	13 mkr
Skíðasvæði	4 mkr
Samtals fjárfest í íþróttamannvirkjum	53 mkr
Menningarhús, Hlégarður og Brúarland	10 mkr
Samtals fjárfest í menningarmálum	10 mkr
Samtals fjárfest í gatnagerð (nettó)	0 mkr
Samtals fjárfestingar A-hluta	184 mkr
Fjárfesting í hjúkrunarheimili	300 mkr

Fjárhagur Mosfellsbæjar er traustur og reksturinn ábyrgur. Skuldastaða sveitarfélagsins er vel viðunandi miðað við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum samfara miklum vexti og fjölgun íbúa.

Mikil og ötul vinna hefur verið lögð í að koma þessari áætlun saman og hefur það verið meira krefjandi en nokkru sinni fyrr. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu því góða starfsfólki bæði á bæjarskrifstofunum sem og í stofnunum fyrir afar óeigingjarnt starf við að koma þessari áætlun saman.

Nú, sem fyrr, er mikilvægt að halda á lofti gildum Mosfellsbæjar, virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju.

Mosfellsbæ, 20. desember 2010,
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

FJÖLSKYLDUSVIÐ

Helstu verkefni fjölskyldusviðs eru samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Mannauðsstjóri fer með framkvæmd jafnréttismála í samræmæi við samþykkt 902. fundar bæjarráðs 16. október 2008.

Markmið með þjónustu fjölskyldusviðs er lögum samkvæmt:

- Að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.
- Að tryggja börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði og aðstoða börn sem búa við óviðunnandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu, nauðsynlega aðstoð.
- Að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.
- Að koma í veg fyrir félagsleg vandamál og veita hjálp til sjálfshjálpar.
- Að stuðla að jafnrétti og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla

Í störfum sínum leitast starfsmenn við að framfylgja gildum Mosfellsbæjar með því að þjónusta einstaklinga og fjölskyldur af virðingu og umhyggju. Þar má nefna virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og áherslu á samvinnu við aðila máls og samstarfsaðila. Jákvæðni í garð þessara aðila ásamt framsæknum vinnubrögðum eru þar einnig höfð að leiðarljósi.

Með flutningi félagsþjónustu ríkisins við fatlað fólk til sveitarfélagsins 1. janúar 2011 verður breyting á eðli og umfangi þjónustu sviðsins. Áætluð útgjaldaukning er tæpur hálfur milljarður. Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti skipulagsbreytingu á sviðinu 2. desember 2010, sem felur í sér að í stað skiptingar á þjónustu í barnavernd og félagsþjónustu, mun þjónustan skiptast í þjónustu við börn annars vegar og þjónustu við fullorðna hins vegar. Verkefni á sviði jafnréttismála verða með óbreyttu sniði. Áhersla verður lögð á þróunar- og gæðamál, með ráðingu starfsmanns sem mun vinna að þeim verkefnum í samvinnu við aðra starfsmenn sviðisins. Auk 1,3 stöðugilda á skrifstofu færast til sviðsins 25 starfsmenn í um 19 stöðugildum sem starfa í búsetukjörnum fatlaðra í Mosfellsbæ.

Líkt og undanfarin ár hefur atvinnuleysi og aukin útgjöld heimila sett spor sín á líf og líðan íbúa. Aukin þörf íbúa fyrir þjónustu fjölskyldusviðs ber merki um það. Eðli þjónustunnar er að veita aðstoð og vera til staðar við slíkar aðstæður og tekur fjárhagsáætlun sviðsins mið af því. Við gerð rekstraráætlunar ársins 2011 hafa starfsmenn fjölskyldusviðs endurskoðað verkferla og leitað leiða til skilvirkari vinnslu mála með það í huga að mæta auknu álagi og eftirspurn eftir þjónustu án aukins mannafla. Útgjaldaliðir sem óhjákvæmilega vaxa frá fyrra ári eru fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og kostnaður vegna barnaverndarmála. Kostnaður vegna málefni fatlaðra hefur einnig vaxið, vegna aukins kostnaðar við ferðaþjónustu og aukinna útgjalda við félagslega liðveislur. Áætlun þessara liða tekur mið af útgjaldaþróun undanfarna



mánuði. Aðrir útgjaldaliðir eru að mestu óbreyttir frá áætlun ársins 2010 eða lækka lítils háttar.

Áætlun vegna félagslegra leiguíbúða tekur mið af rekstri íbúðanna árið 2010.

Tekjur á árinu 2010 eru áætlaðar í samræmi samþykktir bæjarstjórnar, með þeirri undantekningu að lagt er til að gjald annarra en örorkulífeyrisþega vegna ferðapjónustu sé tekjutengt.

FRÆÐSLUSVIÐ

Rétt er að hafa í huga að við gerð fjárhagsáætlunar sl. ára voru segl rifuð verulega. Verkefni fjárhagsáætlunar 2011 eru þeim mun þyngri í ljósi þessara staðreynda. Þó svo að hægt hafi á fólksfjölgun í Mosfellsbæ, þá ber að hafa í huga að leik- og grunnskólastarsemi er í enn í vexti. Bæði fjölgar börnum og Krikaskóli er að hefja sitt fyrsta heila starfsár í nýju húsnæði. Í Lágafellsskóla er einnig fjölgun, þar sem fleiri börn innritast í skólann en útskrifast, sem nemur rúmum bekk og því fjölgar bekkjum eða hópum í skólanum. Þótt nemendum fækki í Varmárskóla og Varmárdeild vegur það ekki upp á móti fjölgun í öðrum skólum.

Ennfremur er rétt að geta hins gífurlega gróskumikla starfs á leikskólum Mosfellsbæjar, þar sem áfram verður þróað mat á skólastarfi og starfshættir eflir með ýmsum hætti.

Verkefni fjárhagsáætlunar 2011 voru því að huga að raunhæfum hagræðingarleiðum, en gæta að ganga ekki of nærri grunnþjónustu, þ.e. leik- og grunnskólastarfi og þjónustu tengdri þeim stofnunum.

Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum á sviðinu, 7% gjaldskrárhækkun leikskólagjalda og gjalda í frístundasel, en 10% hækkun mótuneytisgjalda. Þá verða einnig gerðar breytingar á niðurgreiðslum, bæði heimgreiðslum til foreldra barna yngri en leikskólaaldur en líka á niðurgreiðslum á leikskólagjaldi vegna 5 ára barna.

Dregið eru úr kostnaði við yfirstjórn, m.a. nefndarkostnaði með því að fækka fundum.

Mosfellsbær hefur á undanförunum árum státað af því að vera skóla- og íþróttabær og eftirsóttur af barnafjölskyldum. Næstkomandi fjárhagsár mun ekki breyta því. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi frístundaselja við íþróttafélög um þróun íþrótta- og tómstundstarfs fyrir yngstu grunnskólanemendur, en frístundafjórið sem er nú að hefja sitt annað ár í núverandi skipulagi stuðlar að þróun heildstæðs skóladags fyrir börn og fjölskyldur sem hefur verið markmið Mosfellsbæjar í mörg ár.

Þrátt fyrir erfið verkefni framundan, sem að mestum hluta hvíla á mjög öflugum starfsmannahópi á fræðslusviði, er samt rétt að halda á lofti því viðhorfi sem alls staðar hefur komið fram á síðustu misserum um viljann til að snúa vörn í sókn. Þá má ekki gleyma að gildi bæjarins: virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja; sem fram komu í stefnumótun Mosfellsbæjar árið 2008, hafa ræktað vilja meðal starfsmanna til góðra verka og munu án efa gera það áfram á næsta fjárhagsári.



MENNINGARSVIÐ

Rétt er að hafa í huga að við gerð fjárhagsáætlunar sl. 2ja ára hefur verið stefnt að hagræðingu og sparnaði vegna aðstæðna í samfélaginu. Sum þessara markmiða hafa gengið eftir fyrir tilstilli stjórnenda og starfsfólks sviðsins, en öðrum hefur verið erfiðara að ná. Þar má til að mynda nefna kostnað vegna sumarvinnu ungmenna í Mosfellsbæ. Verkefni fjárhagsáætlunar 2011 voru því að huga að raunhæfum hagræðingarleiðum, en að öðrum kosti leggja fram tillögur að skerðingu þjónustu á sviðinu. Samtals með gjaldskrárhækkunum er markmiðið að ná 6% kostnaðarlækkun milli fjárhagsáætlana 2010 og 2011. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki um 10%.

En Mosfellsbær er enn mikill menningar- og íþróttabær og eftirsóttur af barnafjölskyldum og þar verður ekkert gefið eftir á næstkomandi fjárhagsári. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi frístundaselja við ÍTÓM og við íþróttafélög um þróun íþrotta- og tómstundstarfs fyrir yngstu grunnskólanemendur, en frístundafjórið sem er nú að hefja sitt annað ár í núverandi skipulagi stuðlar að þróun heildstæðs skóladags fyrir börn og fjölskyldur sem hefur verið markmið Mosfellsbæjar í mörg ár.

Bókasafn Mosfellsbæjar mun áfram vera sú mikla þjónustumiðstöð við bæjarbúa sem safnið hefur verið undanfarin ár, sem veitir athvarf, fræðslu og tækifæri til að njóta margvíslegrar menningar, bæði úr héraði sem og á landsvísi og jafnvel heimsvísi. Og Mosfellsbær mun áfram styrkja og standa fyrir menningarviðburðum og menningarstarfsemi að margvíslegum toga, þó sumt þurfi að taka mið af kreppu og breyttum samfélagsforsendum.

Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við þróunar- og ferðamál munu einnig þurfa að taka mið af breyttum aðstæðum. Starfsmenn málaflokksins finna meira fyrir því hér en annars staðar að samfélagsaðstæður ráða miklum um hvernig útgjöld til málaflokksins geta tekið skjótum breytingum. Á árinu 2010 var lagt upp með að styðja við frumkvöðlastarfsemi í bæjarfélaginu en á miðju ári hefur hún að stærstum hluta lagst af m.a. vegna ónógrar eftirspurnar. Mosfellsbær mun á árinu 2011 fylgja þeirri auknu áherslu á heilsutengda atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu sem er tilkomin vegna stofnunar Heilsuklasa Mosfellsbæjar.

Þrátt fyrir erfið verkefni framundan, sem að mestum hluta hvíla á mjög öflugum starfsmannahópi menningarsviðs, er samt rétt að halda á lofti því viðhorfi meðal starfsmanna Mosfellsbæjar sem alls staðar hefur komið fram á síðustu misserum um viljann til að snúa vörn í sókn. Þá má ekki gleyma að gildi bæjarins, jákvæðni, umhyggja, framsækni og virðing, hafa ræktað vilja meðal starfsmanna til góðra verka og munu án efa gera það áfram á næsta fjárhagsári.

UMHVERFISSVIÐ

Umhverfissvið hefur umsjón með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu og einnig hefur sviðið umsjón með ný- og viðhaldsframkvæmdum á vegum bæjarins og allri annarri starfsemi sem tengist tækni- og umhverfismálum bæjarins, svo sem veitna- og fráveitukerfum, gatna- og umferðarmálum, almenningssamgöngum, umhverfismálum,



garðyrkju og opnum svæðum. Undir umhverfissvið fellur einnig eftirlit með dýrahaldi, lífríki og landbúnaði. Þá heyrir Eignasjóður undir umhverfissvið og þar með viðhald allra fasteigna Mosfellsbæjar. Fjöldi starfsmanna á sviðinu eru nú 19.

Við gerð fjárhagsáætlunar var hagrætt með lækkun útgjalda þriðja árið í röð. Hagræðing við slíkar aðstæður eru talsvert flóknar og þá ber að nefna að talsvert aukin vinna stjórnenda verður við eftirlit með því að gerðar áætlanir haldist á árinu. Lögð er áhersla á að færa inn fleiri verkefni til sviðsins en nú þegar hefur verið gert og leggja af að mestu leyti aðkeypta ráðgjöf. Þá er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sýni enn skilning á því að einungis nauðsynlegasta viðhaldi verði sinnt í fasteignum Mosfellsbæjar á árinu 2011.

Helstu hagræðingarverkefni sem farið verður í árinu 2011 á umhverfissviði er lækkun kostnaðar við viðhald reiðveg, minnkun umsvifa í skipulagsgerð sveitarfélagsins bæði í aðal- og deiliskipulagi. Þá verður útgjöldum vegna nokkurra Staðardagskrárverkefna frestað árið 2011. Verktakakostnaði við opin svæði og leikvelli verður haldið í algeru lágmarki en reynt verður að halda í horfinu með umhirðu eftir fremstu getu.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ AUK FJÁRMÁLAEILDAR OG KYNNINGARMÁLA

Hlutverk stjórnsýslusviðs og fjármáladeildar Mosfellsbæjar er að annast um fjármál bæjarins í heild s.s. að annast um bókhald, launabókhald, skatttekjur, innheimtumál o.fl. og síðan að annast og hafa eftirlit og aðstoða við stjórnsýslu bæjarfélagsins s.s. vegna samþykpta, verklagsreglna, gjaldskráa, annast verkefni fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins s.s. bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð.

Verkefni sviðsins eru margþætt og snúa bæði að þjónustu innávið þ.e. þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Mosfellsbæjar og að þjónustu við viðskiptavinum bæjarins.

Almennir rekstrarliðir hafa viðmið sín úr gildandi þjónustusamningum, mati á raunnotkun og verðlagsbreytingum. Segja má um alla hefðbundna rekstrarliði að þeir einkennist að miklu aðhaldi þar sem farið hefur verið í gegnum alla rekstrarliði stóra sem smáa með það að leiðarljósi að hagræða í rekstri án þess þó að skerða þjónustu og gerir m.a. aukin rafræn þjónustu það mögulegt.

Helstu verkefni stjórnsýslusviðs það sem af er árinu 2010 auk hefðbundinna verkefna hafa verið að viðhalda og þétta innri verklagsreglur í stjórnsýslunni almennt, þróa áfram rafræna stjórnsýslu svo sem íbúagátt fyrir íbúa bæjarins í gegnum heimasíðu hans. Að auki hefur fundargáttin verið þróuð áfram og gengur rekstur hennar vel og er núna alfarið hætt útsendingu fundarboða á pappír.

**Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs,
Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs,
Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs,
Stefán Ómar Jónsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.**

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM EINSTAKA MÁLAFLOKKA

00 SKATTTEKJUR


Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 68% af heildartekjum sveitarfélagsins sem er umtalsvert lægra hlutfall en á síðasta ári þegar útsvarstekjur voru 79,2% af tekjum. Ástæðan er tilfærsla á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga en greiðslur með málaflokkinum verða að hluta í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Álagningarhlutfall útsvars hækkar úr 13,19% í 13,28% sem er leyfilegt hámark samkvæmt lögum. Auk þess er um tilfærslu skatttekna að ræða frá ríki til sveitarfélaga vegna tilfærslu á málefnum fatlaðra.

Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur munu dragast saman að raungildi á næsta ári vegna tekjusamdráttar í þjóðfélaginu en gert er ráð fyrir 1,5% íbúafjölgun og því er gert ráð fyrir að útsvarið nemi um 2.811 mkr. á árinu, sem er hækkun um 98 milljónir milli ára, sem er 1,8%, og skýrist að mestu af hækkun útsvarsstofns vegna tilfærslu málefna fatlaðra.

Fasteignaskattar og lóðarleiga eru lagðir á samkvæmt gildandi fasteignamati og eru samtals 572 mkr. og hækka samanlagt um 38 mkr. milli ára.


Framlög Jöfnunarsjóðs teljast hluti skatttekna og gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 742 mkr. sem er að mestu til komið vegna tilfærslu á málefnum fatlaðra, eins og að framan greinir.

SKIPTING SKATTTEKNA




■ Útsvör ■ Fasteignaskattar ■ Framlög úr Jöfnunarsjóði ■ Lóðaleiga

HLUTFALLSLEGUR KOSTNAÐUR EFTIR MÁLAFLOKKUM



KOSTNAÐUR EFTIR MÁLAFLOKKUM

ásamt breytinga milli ára




02 FÉLAGSÞJÓNUSTA

Heildarútgjöld til félagsþjónustu nema 736mkr. og eru þau 18% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins. Þar af nema útgjöld vegna tilfærslu á þjónustu við fatlaða kr. 484 mkr.

SKIPTING ÚTGJALDALIÐA INNAN FÉLAGSÞJÓNUSTU

utan þjónustu vegna yfirfærslu málefna fatlaðra sem nemur 484mkr.




04 FRÆÐSLUMÁL

Heildarútgjöld til fræðslumála nema 2.203 mkr. sem nemur 53% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins og er það hækkun um 50 mkr. milli ára.

Meginhluti útgjalda, eða vegna reksturs grunnskóla Mosfellsbæjar, Varmárskóla og Lágafellsskóla, 1.221 mkr, framlag til Krikaskóla, sem er leik- og grunnskóli fyrir eins til 9 ára börn, er 200 milljónir og framlag til fimm leikskóla sveitarfélagsins auk leikskóladeilda grunnskólanna nemur 461 mkr.


SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI DEILDA INNAN FRÆÐSLUSVIÐS

ásamt breytinga milli ára




SKIPTING KOSTNAÐAR EFTIR LEIKSKÓLUM

(ATH. Krikaskóli er leik- og grunnskóli)



SKIPTING KOSTNAÐAR EFTIR GRUNNSKÓLUM

(ATH. Krikaskóli er leik- og grunnskóli)




05 MENNINGARMÁL

Heildarútgjöld til menningarmála nema 95,2 mkr og eru þau 2% heildarútgjalda sveitarfélagsins, sem er lækkun um 6 mkr. milli ára. Fjárveiting til Bókasafns Mosfellsbæjar er 63 mkr og stærsti einstaki menningarviðburðurinn er bæjarhátíðin Í túninu heima, en í hana er veitt um 4,5 mkr. sem er helmingi lægri upphæð en árið á undan.


SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI DEILDA INNAN MENNINGARMÁLA

ásamt breytinga milli ára



06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL


Heildarútgjöld til æskulýðs- og íþróttamála nema 510 mkr. sem er 12% útgjalda sveitarfélagsins. Framlög til málaflokksins lækka um 65 mkr. milli ára.



07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema 46,3 mkr. eða 1% útgjalda. Áætlunin er í samræmi við samþykkt stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Hagrætt er í málaflokknum um tæpar 2 mkr. milli ára.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN BRUNAVARNA OG ALMANNAVARNA




- Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
- Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
- Björgunarsveitin Kyndill

08 HREINLÆTISMÁL

Heildarútgjöld til hreinlætismála nema 20,5 mkr. sem er innan við 1% af útgjöldum. Meginhluti útgjalda málaflokksins er vegna sorphreinsunar og sorpeyðingar skv. greiðslum til Sorpu bs. Í samræmi við eigendasamkomulag sins. Útgjöld í málaflokki lækka um 10 mkr. milli ára.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN HREINLÆTISMÁLA




■ Heilbrigðiseftirlit ■ Sorphreinsun og -eyðing ■ Meindýraeyðing ■ Dýraeftirlit

09 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Heildarútgjöld til skipulags- og byggingarmála nema 23,7 mkr. á árinu, sem nemur innan við 1% af útgjöldum. Hagrætt er í málaflokki um 7 mkr. milli ára.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁLA



■ Skrifstofa bæjarverkfræðings ■ Mæling, skráning, kortagerð ■ Skipulags- og bygginganefnd
■ Aðal- og deiliskipulag ■ Byggingaefnirlit


10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Heildarútgjöld til umferðar og samgöngumála nema 162,1 mkr. á árinu, sem er 4% af útgjöldum sveitarfélagsins. Langstærsti einstaki útgjaldaliðurinn er framlag til Strætó bs sem er áætlað 113 mkr. á árinu. Hagrætt er í málaflokknum um 1 mkr. milli ára.

11 UMHVERFISMÁL

Heildarútgjöld til umhverfismála nema 58,4 mkr. sem er um 1% heildarútgjalda sveitarfélagsins. Framlög til málaflokksins dragast saman um 7,5 mkr. milli ára.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA UMHVERFISMÁLA



13 ATVINNUMÁL


Heildarútgjöld til atvinnumála nema 4,1 mkr., sem er innan við 1% af útgjöldum sveitarfélagsins. Dragast framlög til málaflokksins saman um 6 mkr. milli ára.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Heildarútgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar nema 284 mkr. sem er 7% af útgjöldum sveitarfélagsins. Hagrætt er í málaflokknum um rúmar 11 mkr. milli ára og mest á skrifstofu bæjarfélagsins. Innan þessa málaflokks er einnig gert ráð fyrir svigrúmi upp á 12 milljónir til að mæta ófyrirséðum kostnaði.

SKIPTING SAMEIGINLEGS KOSTNAÐAR

ásamt breytinga milli ára



NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR

02 FJÖLSKYLDUSVIÐ

02-01 Fjölskyldunefnd.

Fundir nefndarinnar eru áætlaðir 21 á árinu. Gert er ráð fyrir þátttöku tveggja nefndarmanna á landsfundi jafnréttisnefnda.

02-02 Skrifstofa fjölskyldusviðs.

Áætlunin gerir ráð fyrir 5,6 stöðugildum, húsnæðisfulltrúa í 60% starfi, fjórum stöðugildum félagsráðgjafa ásamt framkvæmdastjóra sviðsins. Lækkun útgjalda á skrifstofu er vegna millifærslu þar sem hluti af launakostnaði (20% af launum félagsmálastjóra og 20% af stöðu félagsráðgjafa) er fæt til tekna af málefnum fatlaðra yfirstjórn. Ekki er gert ráð fyrir bakvöktum í barnaverndarmálum. Í ljósi efnahagsaðstæðna er gert ráð fyrir lágmarkskostnaði við rekstur skrifstofunnar.

02-11 Fjárhagsaðstoð.

Áætlunin tekur mið af útgjöldum ársins 2010.

02-16 Dvalargjöld

Dvalargjöld eru útgjöld vegna vistunar- og dvalargjalda barna sem eru í fóstri, dvelja á meðferðarheimilum eða njóta niðurgreiðslna vegna leikskóladvalar skv. ákvörðun félagsmálanefndar sbr. ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002. Kostnaður starfsmanna við eftirlit með vistun barns er bókfærður á þennan lið. Vistunarkostnaður er áætlaður í samræmi við stöðu mála við gerð áætlunar.

02-18 Húsaleigubætur

Húsaleigubætur taka mið af greiðslu bóta árið 2010. Áætlun vegna endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs miðast við óbreytt hlutfall frá því sem verið hefur.

02-31 Barnaverndarmál


Barnaverndarmál fela í sér útgjöld í vegna meðferðar í málum einstakra barna. Úrræða sem gripið er til í samræmi við barnaverndarlög. Áætlunin tekur mið af stöðu málaflöksins við gerð áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að styðja eins lengi og unnt er við fjölskyldur þannig að börn geti dvalið heima sem lengst. Það er mat starfsmanna að fyrirkomulag þetta hafi komið í veg fyrir ráðstöfun barna í fóstur sem er ætíð neyðarráðstöfun. Lögfræðikostnaður vegna skipunar talsmanns fyrir barn samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga. Fargjöld innanlands greiðsla vegna aksturs aðkeyptrar sérfræðiþjónustu á heimili.

02-41 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja

Niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hjá Strætó BS í samræmi við áætlun fyrirtækisins.

02-42 Þjónustuhópur aldraðra

Áætlun vegna þjónustuhóps aldraðra gerir ráð fyrir því að hópurinn fundi þrisvar sinnum á árinu. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra skiptist kostnaður af vinnu þjónustuhópa milli



sveitarfélaga sem aðild eiga að hópnum. Í samræmi við það eru áætlaðar tekjur frá Kjósarhreppi 2% af útgjöldum.

02-45 Þjónustumiðstöð aldraðra

Áætluð útgjöld vegna þjónustunnar taka mið af samþykktri þjónustu, en þau eru töluvert lægri en árið 2010 meðal annars vegna endurskipulagningar á störfum sem leitt hafa til hagræðingar.

02-48 Félagsstarf aldraðra.

Áætlunin tekur mið af rekstri vegna starfseminnar árið 2010.

02-50 Málefni fatlaðra yfirstjórn

Áætlun gerir ráð fyrir heildarkostnaði þar sem ekki liggur fyrir hvernig dreifing áætlaðs framlags vegna þjónustu sem flyst frá ríkinu til sveitarfélaganna verður á einstaka liði.

02-51 Málefni fatlaðra

Áætlun tekur mið af útgjöldum ársins 2010 og samþykktri þjónustu. Launagreiðslur vegna tilsjónar eru áætlaðar í samræmi við þá þjónustu sem veitt er við gerð áætunarinnar.

02-62 Fræðslu- og forvarnarstarf.

Í ljósi efnahagsástandsins er, líkt og í áætlun 2010, ekki gert ráð fyrir greiðslu til Rannsóknar og greiningar á árinu. Áætlunin gerir ráð fyrir því að áfram verði send út hvatning til foreldra um að virða ákvæði barnaverndarlaga um útivistartíma.

02-65 Jafnréttismál

Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku jafnréttisfulltrúa á árlegum fundi jafnréttisnefnda, auk útgjalda við jafnréttisdag Mosfellsbæjar og veitingu jafnréttisviðurkenningar.

02-74 Orlofssjóður húsmæðra

Lög um sjóðinn hafa verið felld úr gildi og þar með framlög sveitarfélaga vegna verkefnisins.

02-75 Framlag til varasjóðs viðbótarlána

Lögbundið framlag sveitarfélagsins.

02-81 Ýmsir styrkir.

Árlegur styrkur til félagsmála er lækkaður í úr 500 þúsund krónum í 300 þúsund og styrkur til Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni var lækkaður úr 350 þúsund krónum í 250 þúsund. Þá er á liðnum gert ráð fyrir greiðslum Mosfellsbæjar til Fjölsmiðjunnar í samræmi við samning aðilanna.

61- Félagslegar leiguíbúðir

Eins og fram kemur í inngangi þá tekur áætlun vegna félagslegra íbúða mið af rekstri ársins 2010.



04 – FRÆÐSLUSVIÐ

Stofnanir og verkefni á fræðslusviði eru færðar á 24 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2011. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en í heild er mikið samstarf milli stofnana á sviðinu, en einnig milli stofnana á öðrum sviðum Mosfellsbæjar.

Stofnanirnar eru: Skólaskrifstofa, Hulduberg, Hlaðhamrar, Hlíð, Reyjakot, Lágafellsdeild (leikskóladeild Lágafellsskóla), Varmárdeild (leikskóladeild Varmárskóla), Varmárskóli, Krikaskóli, Lágafellsskóli, Frístundasel Lágafellsskóla, Frístundasel Varmárskóla, Listaskóli Mosfellsbæjar og Skólahljómsveit.

Auk þess eru fært á sérstakar bókhaldsdeildir niðurgreiðslur og styrkir, sumargæsla, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir Umferðarskólann unga vegfarendur og innri húsaleiga vegna Borgarholtsskóla.

04-01 Fræðslunefnd

Nefndarfundir eru áætlaðir 14 á árinu, en það er einum fundi færri en gert var ráð fyrir í síðustu áætlun.

04-02 Skrifstofa Fræðslu- og menningarsviðs.

Dregið er úr sérfræðipjónustu og kostnaði við ráðgjöf.

04-11; 04-12; 04-13; 04-14; 04-16; 04-20; 04-23 Leikskólar Mosfellsbæjar.

Í þessari fjárhagsáætlun er gert er ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir ásamt Krikaskóla þjóni öllum börnum í fjögur ár frá hausti þegar börn verða 2ja ára og til 5 ára að hausti, þegar leikskólabörn innritast í grunnskóla. Í ár er einnig gert er ráð fyrir að frá áramótum verði aðgengi fyrir börn sem þegar eru orðin 2ja ára í þremur leikskólum, þ.e. Krikaskóla, Hulduberg og Hlíð. Lagt er til að sumarlokun leikskóla með samræmdri sumarþjónustu milli leikskóla verði fram haldið til hagræðingar og svo til að draga úr kostnaði. Einnig eru lagðir fjármunir til hliðar svo hefja megja leikskólastarf á leikskóladeild í Leirvogstungu á árinu.

Ekki er gert ráð fyrir að eins árs börnum verði gefin kostur á leikskólavist á árinu 2010. Því er fram haldið að bjóða dagforeldrum upp á þjónustusamning, sem hefur að markmiði að niðurgreiða kostnað foreldra vegna dagvistunar barna, tryggja jafnræði, aukna þjónustu frá bænum, endurmenntun og faglegan stuðning og þar með aukin gæði í þjónustu dagforeldra.

Gert er ráð fyrir að starfsmannaafsláttur af leikskólagjöldum falli niður á árinu.

Jöfnunarstöðugildum vegna fjölda starfsmanna á deild sem reiknað hlutfall af dvalarstundum og barngildum verður haldið í lágmarki eins og sl. ár, en forsenda þess er að leikskólarnir hafi svigrúm varðandi fjölda barna á deildum leikskólanna.

Stefnt er að því að starfsmannafundir verði sem mest á dagtímum og því framhaldið að inn í skóladagatal leikskólanna sé bætt tveimur dögum á vorönn og tveimur dögum á haustönn, þar sem skólunum verði lokað kl. 14 vegna starfsmannafunda og þessa daga verði öll börn sótt fyrir.



04-17 Gæsluvöllur

Gæsluvallarþjónustan að sumri verður áfram í boði á leikskóla nærri miðbæ, en sl. sumar var tók leikskólinn Hlíð að sér verkefnið. Gert er ráð fyrir að dagmæður leigi áfram húsnæðið við Njarðarholt.

04-19 // 02-19 Niðurgreiðsla leikskólagjald

Félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02-19, er óbreytt milli ára. Heimgreiðslur falla niður frá 1. apríl, en niðurgreiðslur vegna barna í vistun hjá í heimahúsum breytast í samræmi við samning við dagforeldra. Jafnframt er gert ráð fyrir fjölgun barna í slíkri vistun. Nettó áhrif breytinganna er upb. 6 milljónir. Þá hafa niðurgreiðslur vegna frístundaselja farið fram úr áætlun sl. árs sem skýrir hækkun milli ára, sem hefði verið meiri ef ekki hefði verið gerð breyting á reglum um systkinaafslátt.

04-21; 04-25; 04-30; 04-31 Grunnskólar

Grunnskólanemendum fjölgaði sl. ár um rúmlega 20 nemendur og næsta skólaár, 2011-12, verður svipuð þróun. Þessarar fjölgunar verður vart í Krikaskóla og Lágafellsskóla en síður í Varmárskóla, en þess utan fækkar bekkjum um einn í Varmárskóla þar sem bætist við grunnskólabekkur í Krikaskóla.

Nemendafjöldi í frístundaseljum er óbreyttur á þessu hausti og tengist það að hluta hinu öfluga frístundafjöri sem stýrt er af UMFA. Gjaldskrá seljanna hefur verið breytt og einnig systkinaafslætti.

Ekki er gert ráð fyrir ófyrirséðum nemendafjölda, þ.e. bæði hvað fjölda varðar og einnig hvar nákvæmlega fjölgunin kemur á skóla og skólahverfi, en fjármunir vegna kennslu og þjónustu vegna þessa hafa verið færðir á deild 04-27. Þá er heldur ekki borð fyrir báru ef aukning verður á þörf fyrir þjónustu fatlaðra nemenda.

Gert er ráð fyrir hagræðingu í sérkennslu og fækkað verði skiptistundum. Skólarnir vinna sjálfir úr þessum tillögum og útfæra þær tölulega.

Kvótasetning grunnskólanna hefur ekki verið notuð við útreikninga á fjármagni til skólanna, en gert er ráð fyrir að farið verði yfir stöðu skólanna 1. október 2011, eins og þau viðmið ganga út frá, til að meta áætlun skólanna, einkum út frá nemendafjölda.

Verkefni sl. árs eru enn í fullu gildi: “Vegna samfélagsaðstæðna og breyttra forsenda fyrir rekstri sveitarfélagsins var grunnskólunum falið að leita leiða til hagræðingar í rekstri, bæði vörukaupum og aðkeyptri þjónustu og eins í kennslu og öðrum uppeldis- og þjónustuverkefnum sem nútíma grunnskóli sinnir. Til að reyna að draga úr kostnaði vegna kennslu er farin sú leið sem önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa farið með því að fjölga í bekkjardeildum og kennsluhópum, fækka skiptistundum þar sem hægt er að koma því við, draga úr framboði í valgreinum hjá eldri nemendum, en bæta það upp með samstarfi milli Lágafellsskóla og Varmárskóla. Einnig er reynt að leita leiða til endurskipulagningar sérkennslu, tam. með fjölgun í hópum og með því að styrkja hlutverk umsjónarkennara með öllum nemendum.”



En eftir sem áður er áhersla skólanna á metnaðarfullt og öflugt skólastarf og enn svigrúm til þess, enda byggir gott skólastarf einkum og sér í lagi á fagkunnáttu, þekkingu, hugmyndaauðgi og uppeldisreynslu starfsfólks.

04-27 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda.

Inn á þennan bókhaldslið eru færð útgjöld vegna vistunar grunnskólanemenda (fatlaðra og ófatlaðra) í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Á þessa bókhaldsdeild eru einnig færðar tekjur vegna nemenda úr öðrum sveitarfélögum sem stunda nám í Mosfellsbæ. Þá er gert ráð fyrir fjármunum á þessari deild vegna leikskóladeildar í Leirvogstungu.

04-29 Flutningur nemenda

Skólaakstur hækkar vegna verðlagsbreytinga. En verkefnin hafa dregist saman þar sem akstur í Borgaholtsskóla er fallinn niður. Akstur vegna frístundastarfs, almenns skólaaksturs til og frá Varmárskóla, eða greiðsla í almenningsvagna ef það á við, akstur í íþróttahúsið að Varmá úr Lágafellsskóla, akstur vegna leikskóla og vegna Krikaskóla er grundvöllur fyrir kostnaði á þessari deild.

04-41 Borgarholtsskóli

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í Borgarholtsskóla er eignfærður.

04-51 Listaskóli Mosfellsbæjar

Gjaldskrá Listaskóla Mosfellsbæjar hækkar frá 1. janúar um 10%. Starfsmönnum fækkar á haustönn um 1,5 stöðugildi. Þá koma einnig til greiðslur frá öðrum sveitarfélögum vegna nemenda í framhaldsnámi. Heildaráætlun milli ára gerir ráð fyrir 8% lækkun milli ára vegna þessa.

04-52 Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Samningur við umferðarráð og umferðarkennsla 5 ára barna að vori.

04-53 Skólahljómsveit

Gjaldskrá hækkar um 10% frá 1. janúar, en gert er ráð fyrir sambærilegri þjónustu milli ára.

04-81 Ýmsir styrkir

Hér er greitt fyrir samninga vegna íslenskukennslu erlendra borgara á Íslandi og einnig samningur við Tómtundaskóla. Hér er líka gert ráð fyrir greiðslum til Íþróttakademíu FMOS.

05/06/13-01/21-71 – MENNINGARSVIÐ

Stofnanir á sviðinu eru færðar á 32 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2011. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en mikið samstarf er milli stofnana á sviðinu og milli sviða.

Stofnanirnar eru: Skrifstofa menningarsviðs, Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar, Íþrótt- og tómtundaskóli Mosfellsbæjar, Vinnuskóli Mosfellsbæjar, Félagsmiðstöðin Bólið, Íþróttamiðstöðin að Varmá og Íþróttamiðstöðin Lágafell.



Auk þess eru fært á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis menningarkostnaður, kostnaður við fasta árlega menningarviðburði, kostnaður vegna fornleifaverkefnis, Lista- og menningarsjóður, vinabæjartengsl, bæjarhátíðina "Í túninu heima", skólagarða og þróunar- og ferðamál. Á sviðið er einnig færður kostnaður vegna Héraðsskjalasafns, en það er rekið af fjármála- og stjórnsýslusviði. Þá er fært á sérstakar bókhaldsdeildir kostnaður vegna skólagarða og annarra íþróttamannvirkja, svo sem Gervigrasvallar við Varmá og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, en einnig rekstur og styrkir til félaga og vegna íþrótta- og tómstundamála. Þá er ógetið nefnda á sviðinu: menningarmálanefndar, íþrótta- og tómstundanefndar og þróunar- og ferðamálanefndar.

05-01 Menningarmálanefnd

Gert er ráð fyrir fækkun nefndarfunda frá áætlun 2010, en það er þó ekki fækkun funda frá því sem raunin hefur verið 2010.

05-02 Skrifstofa menningarsviðs

Með tilkomu nýs skipurits 2008 var ákveðið að skipta fræðslu- og menningarsviði í tvennt. Hér er nú færður húsaleigukostnaður og hluti kostnaðar vegna verkefna og þjónustu á menningarsviði á árinu. Þetta fyrirkomulag er bókhaldslegs eðlis, þar sem í raun er ekki að fullu búið að hrinda í framkvæmd þessari skiptingu sviðanna.

05-03 Laxnessetur

Áætluð útgjöld og bókfærður kostnaður vegna samnings milli Mosfellsbæjar og Gljúfrasteins er færður hér.

05-11 Bókasafn

Tillögur bæjarráðs gengu út á skerðingu á opnunartíma einkum á laugardögum og við það myndu sparast 1,2 milljónir. Þrátt fyrir hækkun húsaleigu eignasjóðs um 4% lækka heildarútgjöld um 2,4 milljónir eða 4%. Það er tillaga forstöðumanns Bókasafns að aðlaga lokun að þeim stundum dags og vikunnar og eftir árstíðum þar sem eftirspurn er minnst. Til að byrja með yrði lokað fyrr á kvöldin fram í mars/apríl og frekari ákvarðanir teknar eftir því sem líður á árið og eftir því hver viðbrögð þjónustuþega verða.

05-43 Fornminjar – söguritun


Á þessum lið er skráður kostnaður sveitarfélagsins af samstarfs við hóp erlendra fornleifafræðinga, sem stunda uppgröft í Mosfellsdal.

05-51 Lista- og menningarsjóður

Áætlað er að framlag bæjarins í sjóðinn verði kr. 2.000.000,-, en menningarmálanefnd ber að gera starfsáætlun fyrir sjóðinn fyrir lok janúar ár hvert. Það er verkefni nefndarinnar að gera tillögu til bæjarstjórnar hvort sækja eigi viðbótarfé í lista- og menningarsjóð vegna menningarverkefna á árinu 2010, eða draga saman seglin.

05-52 Listasalur

Hér er bókfærður kostnaður við Listasal Mosfellsbæjar og hann þar með slitinn frá rekstri Bókasafnsins, hvað varðar innkaup og þjónustu. Starfsmenn salarins eru starfsmenn



Bókasafns og hefur forstöðumaður Bókasafns yfirumsjón með rekstri Listalarins. Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaðarsömum sýningum á næsta ári og er stefnt að 8% minni kostnaði milli ára.

05-72 Þjóðhátíð 17. júní

Stefnt er að því að kostnaður við þjóðhátíðarhald lækki um 12% milli ára.

05-73 Áramót, þrettándi og öskudagur

Gert er ráð fyrir því að enn verði mikið lagt upp úr þrettándasamkomunni, en samkoman í kringum brennuna er fjölmennasta samkoma sem haldin er hér í Mosfellsbæ á ári hverju. Þá er einnig gert ráð fyrir kostnaði við áramótabrennu en gert er ráð fyrir lækkun kostnaðar um 6% milli ára.

05-74 Í túninu heima

Bæjarhátíðin er færð á sérstakan lykil og er til marks um það að hátíðin hafi fest sig í sessi. Kostnaður er nærri raunkostnaði sl. árs. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að aflað verði tekna hjá styrktaraðilum við bæjarhátíðina. Ef það markmið næst ekki þá verður kostnaður við bæjarhátíðina að lækka um 44% milli ára.

05-79 Ýmis hátíðarhöld

Hér er gert ráð fyrir útgjöldum vegna menningartengdra viðburða, svo sem Menningarvors í Mosfellsbæ, ýmissa tónleika og annarra menningaruppákoma. Gert er ráð fyrir 6% lækkun milli ára.

05-88 Aðrir styrkir

Dregið er úr framlögum til Lista- og menningarsjóðs. Með því er ekki gert ráð fyrir að lagt verði fyrir í sjóðinn, en það metið hvort sækja eigi í þennan sjálfstæða sjóð vegna menningarmála á árinu 2011. Húsaleiga er nú einnig færð til bókar sem styrkur, fyrir afnot lista- og menningarfélaga af húseignum bæjarfélagsins.

21-71 Vinabæjartengsl

Gert er ráð fyrir hefðbundnum kostnaði vegna vinnuskipta unglunga. Kostnaður lækkar milli ára þar sem ekki verður um vinabæjarmót að ræða á næsta ári. Þá er einnig gert ráð fyrir lækkun kostnaðar vegna vinnufunda.


06 – ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL

06-01 Íþróttar- og tómstundanefnd

Gert er ráð fyrir 7 fundum á árinu eins og raunin verður á árinu 2010.

06-24 Íþróttar- og tómstundaskóli

Hér er gert ráð kostnaði vegna sumarnámskeiða. Gert er ráð fyrir tekjuskurðingu vegna fjárframlags ríkisins vegna fatlaðra barna, á sama tíma og kostnaðarauki verður vegna sumarþjónustu við fatlaða nemendur, þar sem nauðsynlegt verður að ráða þroskaþjálfara til yfirumsjónar með þjónustu við fötluð börn yfir sumarið. Engu að síður er gert ráð fyrir að sumarnámskeið ÍTÓM falli niður í ágúst, en það verði gert í samráði við aðra sem eru með



sumarþjónustu, þannig að þeir geti komið til móts við eftirspurn í ágúst. Heildarkostnaður eykst um 2 milljónir milli ára. Eftirspurn eftir þessum námskeiðum dróst saman milli árána 2009 til 2010 vegna þess að þau voru dýrari. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá íþrótt- og tómstundaskóla hækki um leið og gjaldskrá frístundaselja. Ef eftirspurn dregst enn meira saman má gera ráð fyrir að hægt verði að draga frekar úr kostnaði vegna sumarnámskeiða ÍTÓM og þá verði þessi kostnaðarauki minni en hér er gert ráð fyrir.

06-26 Skólagarðar

Þjónusta svipuð og sl. ár.

06-27 Vinnuskóli

Vinnuskólinn gerir ráð fyrir venjubundinni starfsemi. Gert er ráð fyrir að sumarvinna ungmenna dragist saman milli ára, en gert er ráð fyrir 20 milljónum vegna þessa. Á vinnuskólann eru einnig færðar til útgjalda greiðslur til ungmenna sem fá styrk frá bænum til að stunda íþróttir, tómstundir og listir yfir sumartímann. Gert er ráð fyrir að þeir styrkir lækki milli ára og er tillag að styrkjunum verði ekki fækkað, en vinnutíminn sem er í boði verði styttri.

06-31 Félagsmiðstöðin Ból

Starfssemi félagsmiðstöðvarinnar og félagsstarf fyrir unglinga í Lágfellskóla verður með sama hætti og síðastliðið ár og verður unnið áfram í samvinnu við grunnskólana. Unnið hefur verið að hagræðingaraðgerðum og dregið úr kostnaði án þess að skerða opnunartíma og er stefnt að kostnaður minnki um 7% milli ára.

06-51 Íþróttamiðstöðin að Varmá

Þjónusta Íþróttamiðstöðvarinnar hefur skerst á síðustu misserum, en auk þess hefur verið leitað margvíslegra leiða til aðhalds og hagræðingar. Enn verður haldið áfram með þjónustubreytingu sl. árs en þá var lokað einni klukkustund fyrr á kvöldin í öllu húsinu. Jafnframt er lagt til að á árinu 2011 verði sundlaugin að Varmá aflögð sem almenningslaug en eingöngu nýtt sem kennslulaug fyrir Varmárskóla frá kl. 8-14/15 dag hvern. Við það sparast 6,9 milljónir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir hagræðingu og sparnaði, svo heildarsparnaður Íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá er 11% á milli ára.

06-58 Íþróttamiðstöðin Lágafell

Á síðasta ári var gert ráð fyrir að hagræða mætti í Íþróttamiðstöðinni við Lágafell um 8 milljónir. Það var ekki raunsætt mat og nú er gert ráð fyrir kostnaðarauka sem þessu nemur. Í áætluninni felast engu að síður margvíslegar hagræðingaraðgerðir ef borið er saman við raunútgjöld 2010, sem meta má til 5-6 milljóna.

06-59 Önnur íþróttastaða

Hér er bókfærður kostnaður vegna leigu á reiðhöll, sambærilegur kostnaður og samningur um leigu á Hindisvík hefur kostað bæinn fram til þessa og er hann færður sem styrkur yfir á Hestamannafélagið Hörð.



06-61 Íþróttavöllurinn Tungubökkum

Hér eru millifærð leigugjöld vegna Tungubakka og vegna búningsaðstöðu. Þá er einnig greitt fyrir viðhald vallarins vegna sláttar, söndunar o.fl. Allur kostnaður af Tungubökkum er síðan millifærður sem styrkur til UMFA.

06-62 Gervigrasvöllurinn að Varmá

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna vegna gervigrasvallarins að Varmá, rafmagni, hita og viðhaldi/rekstri. Þá hafa tekjur vegna vallarins einnig verið færðar hér.

06-81 Ungmennafélagið Afturelding

Heildarstyrkur til UMFA eru nú upb 133,4 milljónir. Um er að ræða beina- eða óbeina styrki til Ungmennafélagsins, en fyrir bæjarfélagið endar þetta allt sem raunkostnaður. Gert er ráð fyrir að styrkir til félaga verðir lækkaðir um 5,3 milljónir frá fyrri samningum. 4 milljónir er hlutur UMFA af þeirri upphæð, þegar þeirri upphæð hefur verið skipt hlutfallslega á milli félaga út frá styrkveitingum til félaganna á árinu 2010.

Styrkir eru lyklaðir niður með eftirfarandi hætti:

9210 Styrkur vegna þrekþjálfunar afreksíþróttafólks skv. samningi við Eldingu.

9260 Styrkur til meistarflokka skv. samningi.

9290 Styrkur vegna afreks- og styrktarsjóðs, skv. samningi.

